

Nr. 36. samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara, getur krafist þess að hann sje reyndur í gufuvjela-  
3. nív. fræði, þegar próf er haldið í skólanum.

5. gr.

Síðari setning 7. gr. hljóði þannig:

Í prófnefndinni eru vjelfræðiskennari stýrimannaskólans og tveir menn aðrir, sem Stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*

Nr. 37.  
3. nív.

## Lög

um

stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna vjelstjóraskóla, til að gera mönnum kost á að læra gufuvjelafræði.

Við skóla þenna skipar Stjórnarráðið fastan vjelfræðiskennara, sem jafnframt er forstöðumaður skólans, með 2400 kr. árslaunum.

Sá kennari er jafnframt vjelfræðiskennari stýrimannaskólans.

Svo ræður Stjórnarráðið aukakennara eða tímakennara, eftir því sem þörf krefur.

Laun forstöðumannsins og allur annar kostnaður við vjelstjóraskólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til vjelstjóraprófs þarf:

1. Í íslenskum: Að geta gert ljettan íslenskan stíl um alment efni, skrifað allvel, skýrt og nokkurn veginn rjett.

2. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum, tugabrotum og með bókstöfum, hlutfallareikningi, veldi, rót, notkun lógaritma og að geta leyst líkingar með einni óþektri stærð.

3. Í flatarmálsfræði: Þekking á afstöðu beinna lína hverrar við aðra, á hringum og þeim línum og hornum, er þar til heyra, marghyrningum, á setningunum um hliðar og horn í þríhyrningum, á samfalla og samlaga þríhyrningum, á setningunum um rjetthyrnda þríhyrninginn, á samsíðingum, að geta gert einfaldar flatarmálsteikningar (geometriskar konstruktionir), þekking á lengdarmáli og hornmáli, á útreikningi flatarmáls.

4. Í rúm málsfræði: Þekking á afstöðu beinnar línu við flöt, og afstöðu flata hver við annan, á þrístrending, pyramída, sívalningi, keilu, kúlu og á þeim línum, er myndast á yfirborði hennar við skurðflæti, á útreikningi á yfirborði og rúmtaki þessara hluta.

Í framannefndum reikningslegum námsgreinum er þess einungis krafist, sem nauðsynlegt er til undirbúnings undir vjelfræðina, og við prófunina skal aðeins krefjast þekkingar á hinum ýmsu setningum, en engra sannana.

5. Í eðlisfræði: Þekking á lögunum um loftkend efni, þrýstingsmælum, dælum, eðlisþyngd, seltumælum, hita og dreifing hans, útpenslu hluta við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti, brenslu, vjelaáburði, samsetningu og sundurliðun krafta, einföldum vjelum (vogarstöng, skrufu, fleyg o. s. frv.) segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna.

6. Í vjelfræði: Þekking á gufuvjelum í skipum, einstökum hlutum þeirra og samsetning þeirra, svo og á kötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, þekking á eldri og yngri tegundum gufuvjela og gufukatla, hirðingu gufuvjela og gufukatla, stjórn þeirra, viðhaldi og eftirliti, vjelabilun, ketilsprengingu, afmælislínnum (Indikator-diagróm) og þeim niðurstöðum, er af þeim má draga, hestafi gufuvjela og kolaeyðslu, stelling skyttunnar, hjálparvjelum á skipum (gufustýrivjelum, gufuvindum, ljósvjelum, kælivjelum, o. s. frv.), skifting skipa í vatnsheld hólfi, bygging skipa, skipsdælum og slökkviáhöldum, á lagaákvæðum um íslensk gufuskip. Þekking á hreyfivjelum (mótorum).

7. Í vjelteikningu: Að geta mælt og gert uppdrátt eftir ákveðnum mælikvarða af hlut úr gufuvjel, sem ekki er mjög samsettur.

8. Í dönskku: Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafa í danskri bók verkfræðilegs efnis.

9. Í enskku: Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafa í enskri bók verkfræðilegs efnis.

### 3. gr.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Það skal haldið af prófnefnd; eru í henni forstöðumaður vjelistjóraskólans og 2 menn aðrir, er Stjórnarráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir henni standa sá af nefndarmönnum, er Stjórnarráðið skipar sem oddvita. Að minsta kosti annar hinna skipuðu prófdómenda skal hafa leyst af hendi fullkomið vjelistjóraráróf. Til að dæma um kunnáttu í tungumálum getur Stjórnarráðið, ef þörf þykir, skipað aðra menn.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefni. Verkefni til skriflega prófsins skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf. Tungumálakennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt einum prófdómanda.

### 4. gr.

Sá einn má ganga undir vjelistjóraráróf, er:

1. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eftir 14 ára aldur, í þeim járnsmíðjum, er Stjórnarráðið tekur gildar.

Nr. 37. 2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum um kunnáttu, dugnað, hegðun og reglusemi.

3. nív. Sje sá, er undir prófið vill ganga, eigi lærisveinn í vjelstjóraskólanum, þá skal beiðni hans um að mega ganga undir prófið send Stjórnarráðinu 3 mánuðum áður en á að halda prófið.

Auk áðurnefndra vottorða skulu beiðni þessari fylgja skírnavottorð umsækjanda, og vottorð frá þeim manni eða mönnum, sem hafa kent honum.

Hafi hann gengið undir vjelstjórapróf áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefur vjelstjóraskírteini eða undanþáguleyfi, til að vera yfirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, hefir rjett til að ganga undir vjelstjóraprófið, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum þeim, er sett eru í 1. og 2. lið þessarar greinar.

5. gr.

Ákvæði um það, hvernig kenslunni skuli háttað, um inntökuskilyrði, próf o. fl., skal setja í reglugjörð, sem Stjórnarráðið setur.

6. gr.

Þeim, sem prófi hefir náð, skal veitt skírteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er krafist er til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirrita skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er ætluð og Stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi, og fæðingarári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

Einar Arnórsson.